



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs

Kópavogi, 13. júlí 2026
One: 2607771/AK

Efni: Ágrip. Húsnæðisáætlun 2026

Lögð er fram tillaga að Húsnæðisáætlun Kópavogs 2026, unnin í samræmi við reglugerð um húsnæðisáætlanir sveitarfélaga nr. 1248/2018.

Húsnæðisáætlunin er unnin á stöðluðu stafrænu formi Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar (HMS). Skv. 3. mgr. 4. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998 er það hlutverk HMS „[a]ð halda utan um húsnæðisáætlanir sveitarfélaga og gera áætlanir um húsnæðis- og búsetuþörf“ og er það sveitarstjórn sem fer með stefnumótun húsnæðismála og þar með gerð húsnæðisáætlana fyrir hvert sveitarfélag fyrir sig.

Öll sveitarfélög skulu gera húsnæðisáætlun til 10 ára í senn og skulu þær uppfærðar árlega m.t.t. þróunar og breytingum sem orðið hafa.

Kópavogsbær hefur frá árinu 2022 samþykkt húsnæðisáætlun árlega á sambærilegu stöðluðu formi. Markmið þessarar framsetningar er að samræma upplýsingar um húsnæðismál sveitarfélaga, auðvelda samanburð á milli sveitarfélaga og skapa betri yfirsýn yfir þróun húsnæðismála á landsvísu og í einstökum landshlutum.

Lagt er til að bæjarráð samþykki tillögu að Húsnæðisáætlun Kópavogs 2026.

F.h. skipulagsfulltrúa

Andrea Kristinsdóttir
Verkefnastjóri aðalskipulags

